

FUNDARGERÐ

132. stjórnarfundur KRAFT

132. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á Zoom 4. nóvember 2021 kl. 18.00

Fundarmenn : Gry, Rúnar, Hinrik, Þórunn Brynja, Aron Ingi, Lára, Auðunn og Laufey

Fundarritari : Laufey

1. FAGNAÐUR

Stjórn KRAFT fagnar innilega frábærum árangri íslenskra keppenda á HM í klassískum kraftlyftingum og HM unglinga í klassískri bekkpressu. Einstaklega flottir fulltrúar sem voru landi og KRAFT til sóma meðan á keppni stóð.

2. BÓKANIR FRÁ SÍÐUSTU FUNDARGERÐUM

- ÍSÍ þingið var haldið 9. október sl., Gry, Hinrik og Lára sóttu þingið.
- Gry sendi f.h. stjórnar bréf til Afrekssjóðar þar sem óskað var eftir að sjóðurinn myndi veita Kristínu Þórhallsdóttur fjárhagslegan stuðning í framhaldi af einstökum árangri hennar á HM í klassískum kraftlyftingum. Enn er beðið ákvörðunar sjóðsins.
- Stjórn KRAFT samþykkti að starfsmenn KRAFT (Auðunn og Lára) fái greidda dagpeninga meðan þau dvelja erlendis vegna landsliðsmála.
- Stöðufundur með Afrekssjóði sem Aron Ingi og Auðunn sóttu fyrir hönd KRAFT.

3. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

4. STARFSMENN KRAFT

Stjórn KRAFT samþykkti dagpeninga starfsmanna KRAFT (sjá lið 2). Aron Ingi ræðir við Magnús endurskoðanda og ákveður í samráði við hann hvernig það ferli fer fram.

5. FORMANNFUNDUR

Formannfundur verður haldinn 19. nóvember kl.17. Gry sendir fundarboð og gögn með því. Boðið verður upp á að sækja fundinn í gegnum Zoom.

- Gry mun senda með fundarboði uppfærðar mótareglur og reglur um RIG. Stjórnin ákvað að frekari vinna þarf að fara í afreksstefnu áður en hún verður send áfram. Verður rædd á fundinum.

- Haft verður samband við Samskiptafulltrúa ÍSÍ og athugað hvort hann sjái sér fært að halda stutt erindi á fundinum.

6. MIÐLAR

Klaus Jensen sem hefur séð um að vista heimasíðu KRAFT (kraft.is) og þ.m.t. Result hefur ákveðið að hætta. KRAFT þakka Klaus kærlega fyrir óeigingjarnt starf.

KRAFT hefur tekið að sér að dekkja tölvu- og streymismál. Þetta er viðbótarkostnaður sem hefur ekki verið síðustu árin. Á formannafundinum þarf að ræða um hvort sátt sé um að hækka þáttökugjöld. Aron Ingi gjaldkeri mun setja upp áætlaða upphæð fyrir fundarmenn að skoða og meta.

7. ÖRYGGI

Gry hefur fengið Sturlu Ólafsson í MASSA (sjúkraflutningamaður) eil að setja saman sjúkratösku sérstaklega fyrir KRAFT. Þessi taska mun vera til staðar á öllum mótum á vegum KRAFT.

8. TRÚNAÐUR

Ekki komið svar frá ÍSÍ um verklagsreglur varðandi trúnaðarupplýsingar. Stjórn KRAFT telur mikilvægt að koma þessu á ákveðinn farveg. Gry mun heyra í samskiptafulltrúa ÍSÍ, hvort hann komist á formannafundinn til að halda þar stutta erindi. Einnig mun Gry heyra í honum um ferla varðandi trúnaðarupplýsingar.

9. REGLUGERÐ UM KRAFTLYFTINGAR

Pórunn Lilja formaður laganefndar kom á fundinn og farið var yfir nokkur atriði, sérstaklega sjónum beint að 5. grein. Stjórn KRAFT samþykkti breytingu sem mun fara fyrir formannfundinn.

10. NPF & IPF

Hinrik fer á NPF fund á morgun 5.11.2021. Gry fer á fund IPF næstu helgi í Stavanger.

11. BIKARMÓTIÐ

Bikarmótið er í vinnslu. Fjölmenn mót en þegar . Þegar þáttökufjöld hafa verið greidd 6.nóvember mun koma í ljós heildarfjöldi. Það vantar stangarmenn og ætlar Pórunn Brynja að senda tölvupóst á félög og óska eftir mönnun. Það er ljóst að þegar félög senda fjölda keppenda verða þeir að skaffa starfsmenn.

12. SAMNINGUR

Stjórn KRAFT samþykkti að gera þjónustusamning um umsjón kraftlyftingamótastjórnunarkerfis við Róbert Kjaran.

13. RIG

Keppendalisti er í endurskoðun. Vegna móta á næsta ári og COVID ástandsins víða í heiminum hefur erlendum keppendum fækkað. Líklega mun Eurosport koma á mótið.

14. ÖNNUR MÁL

Setja þarf upp verklagsreglur fyrir hvert keppnisár vegna styrkja til keppenda vegna ferðalaga (flug og hótél).

15. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

16. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.19.30.